



## Félag háskólakennara

### Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara félag háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana starfsárið 2018- 2019

Hlutverk félagsins er skilgreint í 2. grein laga þess og er eftirfarandi:

- að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
- að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur
- að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna
- að efla símenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna
- að vera í fyrirsvari fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum.

Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

#### Fjöldi félagsmanna 1. október 2018, skipting eftir stofnunum og starfsheitum:

| HÍ  | Fjöldi             | Stöðugildi   |
|---|--------------------|--------------|
| <i>Dósentar</i>                               | 149                | 126,8        |
| <i>Lektorar</i>                               | 139                | 110,3        |
| <i>Stjórnsýsla</i>                            | 287                | 257,8        |
| <i>Aðjúnktar I og II</i>                      | 122                | 75,4         |
| <i>Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn</i> | 23                 | 21,1         |
| <i>Nýdóttorar</i>                             | 46                 | 39,4         |
| <i>Meistara – og doktorsnemar</i>             | 115                | 95,46        |
| <i>Rannsóknarmenn</i>                         | 96                 | 65,9         |
| <b>HÍ alls</b>                                | <b>976 - 86,5%</b> | <b>792,1</b> |
| <b>Árnastofnun</b>                            |                    |              |
| <i>Akademískir</i>                            | 15                 | 15,0         |
| <i>Stjórnsýsla</i>                            | 22                 | 17,0         |
| <i>Nemar</i>                                  | 7                  | 4,5          |
| <b>Árnastofnun alls</b>                       | <b>44 – 3,9%</b>   | <b>36,6</b>  |
| <b>Raunvísindastofnun</b>                     |                    |              |
| <i>Vísindamenn</i>                            | 12                 | 11,5         |
| <i>Fræðimenn</i>                              | 9                  | 8,2          |
| <i>Sérfræðingar</i>                           | 6                  | 5,1          |
| <i>Stjórnsýsla</i>                            | 4                  | 4            |
| <i>Nýdóttorar</i>                             | 17                 | 14,5         |
| <i>Nemar</i>                                  | 29                 | 27,3         |
| <b>Raunvísindastofnun alls</b>                | <b>77 – 6,8%</b>   | <b>70,6</b>  |
| <b>Landsbókasafn alls</b>                     | <b>25 – 2,2%</b>   | <b>23,8</b>  |
| <b>Keldur alls</b>                            | <b>7 – 0,6%</b>    | <b>6,0</b>   |
| <b>Félag háskólakennara ALLS</b>              | <b>1.129</b>       | <b>929,1</b> |

## **Stjórn**

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2018 – 2019 skipuðu eftirfarandi:

Michael Dal, formaður (dósent)

Ármann Höskuldsson, meðstjórnandi (vísindamaður)  
Baldvin M. Zarióh, varaformaður (stjórnsýsla),  
Berglind Eva Benediktsdóttir, meðstjórnandi (dósent),  
Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri (bókasafn),  
Helgi D. Áss Grétarsson, meðstjórnandi (dósent),  
Íris Davíðsdóttir, ritari (stjórnsýsla).

Á starfsárinu voru samtals 15 stjórnarfundir auk samráðsnefndarfunda og annarra funda.

## **Starfsmaður**

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

## **Skrifstofa**

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Bændahöllin við Hagatorg, suðurenda 2. hæð.

## **Trúnaðarstöf**

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Baldvin Zarióh kosinn varaformaður félagsins, Íris Davíðsdóttir ritari og Guðmundur Ingi Guðmundsson, gjaldkeri.

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi er Íris Davíðsdóttir og varamaður hennar er Berglind Eva Benediktsdóttir.

Í siðanefnd HÍ var skipaður fyrir hönd félagsins, Henry Alexander Henrysson.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Örn Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2018 og hana skipa Sigríður Jónsdóttir, Sverrir Guðmundsson og Kristín Harðardóttir.

Trúnaðarmenn félagsins eru tæplega tuttugu að tölu. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa.

**Félag háskólakennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf.**

## **Kjaramál**

Gildistími kjarasamnings félagsins annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar, sem skrifað var undir þann 16. nóvember 2015, gildi frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019.

Stjórn ákvað á fundi sínum í ágúst sl. að hefja undirbúning kjarasamningsviðræðna með boðun almenns félagsfundar í október. Tilgangur hans var annars vegar að fara yfir stefnu félagsins og heyra í félagsmönnum vegna kjaramála almennt og hins vegar að kynna nýjar reglur Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara, sem samþykktar voru á fundi stjórnar SFH í ágúst 2018. Fundurinn var haldinn 22. október sl. og var vel sóttur og upplýsandi.

Á fundi stjórnar í byrjun nóvember var farið yfir tímalínu kjara- og réttindanefndar BHM vegna kjaraviðræðna. Tímalínan gekk m.a. út á opnun gagnagrunnar BHM, fundi aðildarfélaga BHM vegna krafna við samningsborðið, kröfur á stjórnvöld og efndir fyrri loforða. Tímalínan endar svo á gerð kröfugerða félagsanna og kjararáðstefnu sem BHM stóð fyrir þann 15. janúar 2019. Stjórn Félags háskólakennara ákvað að boða til almennra félagsfunda sem haldnir voru á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa. Fundirnir voru eftirfarandi:

Miðvikudagur 14. nóvember, félagsmenn starfandi á Heilbrigðisvísindasviði.

Föstudagur 16. nóvember, félagsmenn starfandi á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Mánudagur 19. nóvember, félagsmenn starfandi á Menntavísindasviði.

Miðvikudagur 21. nóvember, félagsmenn starfandi á Keldum, Landsbókasafni-háskólabókasafni, Árnastofnun og Raunvísindastofnun.

Mánudagur 26. nóvember, félagsmenn starfandi á Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði og í miðlægre stjórnarsýslu.

Efni fundanna skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi var farið yfir forsendur kjarasamninga, í öðru lagi var farið yfir launatölur og launaþróun félagsins og í þriðja lagi umræður um efni kröfugerðar félagsins í komandi kjarasamningum. Fundirnir voru almennt vel sóttir og góðar umræður sköpuðust sem endurspeglast í kröfugerð félagsins. Þá var haldinn fundur með trúnaðarmönnum félagsins þann 13. desember sl. um kjaramál.

Skrifað var undir viðræðuáætlun við Samninganefnd ríkisins þann 6. febrúar 2019.

Á vinnufundi stjórnar í janúar sl. voru drög að kröfugerð félagsins samþykkt og endanleg kröfugerð lá fyrir og var samþykkt á stjórnarfundi í mars síðastliðinn. Fyrsti fundur félagsins og samninganefndar ríkisins SNR var haldinn 22. mars sl. þar sem kröfugerðin var lögð fram. Helstu sérkröfur félagsins eru að lögð verði áhersla á að breyta launasetningu félagsmanna með það að markmiði að hækka lægstu launin og að launatöflur akademískra starfsmanna og starfsmanna stjórnarsýslu verði nýttar meira en nú er. Þess má geta að bæði FHA og FPR styðja þessar hugmyndir um breytta launasetningu hjá akademískum starfsmönnum.

Allt frá því í nóvember hafa aðildarfélög BHM unnið að sameiginlegum kröfum þeirra við ríkið. Kröfunum má skipta í þrennt:

- Kröfur við samningaborðið. Þar undir eru að menntun verði metin til launa, prósentuhækkanir umfram krónutöluhækkanir, stytting vinnuvikunnar, útvíkkun veikindaréttarins, réttindi vegna námsleyfa, iðgjöld hækki í Styrktarsjóð BHM, ferðatími á vinnutíma, aukið fé til stofnanasamningsgerðar og orlofsmál.
- Kröfur á stjórnvöld. Málefni LÍN, tekjutenging í bótakerfum, ábyrga hagstjórn, húsnæðismál háskólamenntaðra og einn vinnumarkaður.
- Kröfur um efndir fyrri loforða. Skattar falli niður af styrkjum úr sjóðum, jöfnun launa á milli markaða, eflingu stofnanasamningskerfisins, norrænt samningalíkan og yfirlýsingu ráðherra frá 12. febrúar 2018 um átak við gerð mannaflaspár fyrir heilbrigðiskerfið.

Félag háskólakennara tekur þátt í sameiginlegum viðræðum með öðrum 11 félögum innan BHM um þessi sameiginlegu málefni. Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður BHM leiðir þá vinnu fyrir hópinn og viðræður við Samningarnefnd ríkisins eru byrjaðar.

Michael hefur í starfi sem varaformaður BHM setið fundi með aðilum vinnumarkaðarins sem eru undir forystu forsætisráðherra.

Fundur í samstarfsnefnd um kjaramál Félags háskólakennara og HÍ hafa verið haldnir reglulega þar sem ýmis málefni hafa verið rætt s.s. SKREF og upplýsingar til félagsmanna í stjórnsýslu, yfirvinnu kennara og tilfærslur, lágmarksröðun launa og launasetning félagsmanna almennt.

### **Starfsárið, störf stjórnar**

Á starfsárinu hefur stjórn félagsins unnið að og tekið fyrir ýmis mál og málefni. Þau helstu eru talin upp hér:

- **Akademískir starfsmenn í eitt stéttarfélag**

Á félagsfundum Félags háskólakennara þann 16. júní 2017 var eftirfarandi tillaga samþykkt: „Stjórn er heimilt að skuldbinda félagið allt að fjórum milljónum íslenskra króna vegna kostnaðar við gerð álitsergerðar um mögulega sameiningu akademískra starfsmanna í eitt stéttarfélag“. Fyrir lágu þrjú tilboð sem félaginu höfðu borist vegna úttektar á einu akademísku félagi. Í kjölfar samþykktar félagsfundarins ákvað stjórn að taka tilboði Gísla Tryggvasonar hdl. og var samningur þess efnis undirritaður þann 29. júní 2017.

Verkið varð tímafrekara en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir og endanleg álitsergerð GT lá fyrir í nóvember 2018.

Ákveðið var að halda almennan félagsfund til kynningar á henni. Fundurinn var haldinn þann 22. janúar 2019, þar sem Gísli Tryggvason fór yfir skýrsluna, aðdraganda hennar, skipulag vinnunnar og helstu niðurstöður. Fundurinn var fremur fámennur en umræður góðar.

Stjórn ákvað á fundi sínum í febrúar sl. að ekki væri ástæða til að bregðast frekar við í þessu máli, niðurstaða á kostum og göllum sameiningar akademískra starfsmanna liggur nú fyrir og ekki verður haldið áfram með málið að svo stöddu.

- **Umsögn um höfundaréttarmál**

Félag háskólakennara beindi erindi sínu til rektors HÍ með bréfi, þann 3. mars 2017, vegna höfundaréttar kennara. Svar barst frá rektor þann 29. maí 2017, þar sem fram kom að starfshópur yrði settur á fót vegna málsins. Helgi Áss Grétarsson sat í starfshópnum fyrir hönd félagsins. Hópurinn stóð m.a. fyrir könnun á meðal kennara við HÍ um efnið ásamt því að leita eftir upplýsingum frá norðurlöndum um málið.

Niðurstöður hópsins lágu fyrir í apríl 2018 og var óskað eftir umsögn félagsins við þær tillögur sem koma fram í skýrslunni. Félagið sendi umsögn um málið þann 10. október 2018.

- **Háskólahópur um könnun**

Í upphafi árs 2018 var ákveðið að Félag háskólakennara tæki þátt í kjarakönnun á meðal akademískra starfsmanna er starfa við HÍ, HR, HA, háskólann á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Könnunin er unnin af fyrirtækinu Maskínu að tilstuðlan BHM. Könnunin fór fram dagana 2. maí til 18. júní 2018 og og endanleg útkoma lá fyrir í október 2018. Svarhlutfall allra í könnuninni var 46,3% en svarhlutfall þeirra félagsmanna Félags háskólakennara sem kost áttu að taka þátt, var 40,5%.

Niðurstöður könnunarinnar er um margt athyglisverð en varast ber þó að draga of miklar ályktanir af henni þar sem svarhlutfall hefði mátt vera hærra. Könnunin gefur þrátt fyrir það ýmsar vísbendingar um launa-, kjara- og aðstöðumun á milli akademískra starfsmanna hjá opinberu háskólunum annars vegar og HR hins vegar.

- **Umsögn um vandaða starfshætti í vísindum**

Félag háskólakennara skilaði umsögn við frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum til nefndarsviðs Alþingis í byrjun maí sl.

- **Vinumatskerfi**

Félag háskólakennara hefur lýst sig reiðubúið til að taka þátt í þeirri endurskoðun á vinnumatskerfinu sem nú á sér stað, með hagsmuni akademískra félagsmanna að leiðarljósi. Félagið hefur m.a. setið fundi með stjórn Háskólans og fleiri aðilum vegna málsins. Sameiginlegur fundur Félags háskólakennara og Félags prófessora við ríkisháskóla um vinnumatskerfið var haldinn þann 4. desember 2018. Fjallað var um vinnumatskerfið frá sjónarhóli stéttarfélaganna. Fundurinn var afar vel sóttur af félagsmönnum beggja félaganna.

### **BHM**

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Formaður félagsins, Michael Dal, var kosinn í stjórn Bandalags háskólamanna frá aðalfundi bandalagsins árið 2014. Michael var kosinn varaformaður bandalagsins á aðalfundi BHM árið 2018.

Formannaráðsfundir BHM: Baldvin Zarióh er aðalmaður Félags háskólakennara í formannaráði BHM. Michael Dal situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Orlofssjóður BHM: Baldvin Zarióh var kosinn í stjórn orlofssjóðs BHM fyrir hönd félagsins í maí 2016

Styrktarsjóður BHM: Ragna Steinarsdóttir situr sem fulltrúi félagsins í stjórn Styrktarsjóðs BHM og hefur verið formaður sjóðsins síðastliðin starfsár.

Jafnréttisnefnd BHM: Berglind Rós Magnúsdóttir hefur setið í Jafnréttisnefnd BHM fyrir hönd félagsins.

Kjara og réttindanefnd BHM: Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri var kosin í kjara- og réttindanefnd BHM á aðalfundi 2018.

Skoðunarmaður reikninga BHM: Reynir Örn Jóhannsson var kosinn skoðunarmaður reikninga árið 2018.

### **Málefni einstakra félagsmanna**

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

### **Erlent samstarf**

Síðastliðin ár hafa norræn kennarafélög skipst á að halda sameiginlega ráðstefnu í maí/júní ár hvert. Fundurinn verður haldinn í Svíþjóð þetta árið og þar verður m.a. rætt um hvernig fag- og stéttarfélög geti stuðlað af því að ná þeim markmiðum sem fram koma í alþjóðalegum markmiðum Sameinuðu Þjóðanna, um ótímabundnar ráðningar og vinnuaðstæður í háskólum á Norðurlöndum.

## **Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)**

Í stjórn starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara (SFH) voru skipaðir á haustmánuðum 2018, frá Félagi háskólakennara Helgi D. Áss Grétarsson formaður og Baldvin M. Zarióh.

Mannabreytingar voru gerðar á fulltrúum Hí þegar Þórana Dietz var skipuð í stjórn sjóðsins í byrjun árs 2018 í stað Sigríðar Björnsdóttur og Guðrún Margrét Eysteindóttir var skipuð í stjórn sjóðsins í ársbyrjun 2019 í stað Ástu Möller.

Alls voru haldnir 8 fundir í stjórn sjóðsins á starfsárinu.

Á fundi stjórnar í ágúst 2018 voru nýjar reglur sjóðsins kynntar og samþykktar. Markmið þeirra voru í fyrsta lagi að fjölga þeim sem geta sótt um í sjóðinn m.a. með því að fella ákvæði um starfshlutfall úr fyrri úthlutunarreglum og í öðru lagi að hækka hámarksupphæð. Breytingarnar eru eftirfarandi:

- I. Hámarksstyrkupphæð hækkar úr kr. 250.000 í kr. 400.000.
- II. Iðgjald að upphæð kr. 2.100 og hærra veitir hámarksstyrk kr. 400.000, iðgjald að upphæð kr. 1.050 til kr. 2.099 veitir rétt á hálfum styrk kr. 200.000 og iðgjald að upphæð kr. 1.049 og lægra veitir engan styrk. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu lykiltölur úr starfsemi sjóðsins:

Tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins á árunum 2017 og 2018 má sjá í eftirfarandi töflu:

| <b>Starfsár</b>  | <b>2018</b> | <b>2017</b> |
|--|-------------|-------------|
| <b>Fjöldi umsókna</b>  | 214         | 107         |
| Samþykktar umsóknir  | 200         | 97          |
| Ósamþykktar eða hætt við umsóknir                                | 14          | 10          |
| Styrkir sem greitt er fyrir:                                     |             |             |
| skólagjöld   | 17%         | 24%         |
| námskeiðsgjöld   | 11%         | 11%         |
| ráðstefnugjöld   | 20%         | 12%         |
| námsferðir   | 0%          | 2%          |
| kostnaður við flug   | 27%         | 28%         |
| kostnaður við akstur   | 1%          | 0%          |
| kostnaður við hótél  | 24%         | 23%         |
| Greiddir styrkir kr.   | 21.847.214  | 11.119.267  |
| <b>Skipting umsókna eftir stofnunum og starfsheitum:</b>         |             |             |
| HÍ   | 94%         | 90%         |
| akademískir  | 48%         | 43%         |
| stjórnsýsla  | 34%         | 32%         |
| nemar og rannsóknarfólk  | 18%         | 23%         |
| Landsbókasafn–háskólabókasafn, Raunvísindastofnun og Árnastofnun | 6%          | 10%         |

Á fundi stjórnar þann 29. apríl 2019 voru eftirfarandi breytingar gerðar á úthlutunarreglum sjóðsins, sem giltu frá 2. apríl 2019:

- i. Styrkfjárhæð: Hámarksupphæð styrkja miðast kr. 500.000, á hverjum 18 mánuðum.
- ii. Styrkhæf verkefni: Skilgreining á öðrum ferðakostnaði rýmkuð þannig að þar undir falli innanbæjarsamgöngur þegar um er að ræða ferð til og frá lokaáfangastað, t.d. flugvelli eða lestrarstöð til endanlegs gististaðar. Hámarksgreiðslur vegna slíkra innanbæjarsamgangna er kr. 7.500 fyrir hvora ferð.

**LOKAORÐ:**

Starfsárið 2018-2019 hefur að mörgu leyti verið annasamt fyrir stjórn félagsins. Tekist hefur að ljúka nokkrum mikilvægum málum sem félagið hefur verið að vinna að undanfarin ár. Unnið hefur verið að undirbúningi kjarasamninga sem nú standa yfir. Í því samhengi skal getið að samningarnefnd félagsins hefur nú þegar fundað með Samningarnefnd ríkisins og eru samningarviðræður enn í gangi. Eins og er svo er erfitt að spá um hvenær samningarviðræðum ljúki en formaður Samningarnefndar ríkisins hefur opinberlega sagt að stefnt er á að samningar verði undirritaðir í byrjun júní nk. Hvort rætist úr þessari ósk mun tíminn leiða í ljós.

Fráfarandi stjórnarmönnum er þökkun vel unnin störf í þágu félagsins, sitjandi stjórnarmönnum og framkvæmdarstjóra er þakkað kærlega fyrir samstarfið.